

hvala árið 1988 og síðar í samræmi við vísindaaætlun Íslendinga, svo fremi ríkisstjórn Íslands fari eftir ákvæðum 1. liðar.

3. Bandaríkin munu vinna með Íslandi og öðrum aðalfulltrúum Alþjóðahvalveiðiráðsins að endurskoðun á og tillögugerð um tilhögun málsmeðferðar vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins við athugun á rannsóknaleyfum, í því skyni að auka traust á framkvæmd og vísindalegu gildi þessarar málsmeðferðar.

Ríkisstjórn Íslands er þeirrar skoðunar að ekki þurfi að túlka þrí-liða samkomulagið, þar sem tilgangur og efni þess er skýrt og auðskilið.

Þetta samkomulag milli ríkisstjórna okkar tekur gildi þegar í stað við afhendingu þessa svars.

Virðingarfyllst,
Hörður H. Bjarnason
settur forstöðumaður
sendiráðs Íslands

thereafter in the Icelandic program of scientific research, so long as the Government of Iceland complies with the provisions of paragraph 1.

3. The United States will work with Iceland and other IWC Commissioners to review and make recommendations regarding the structure of the IWC Scientific Committee's process for the review of research permits, so as to build confidence in that process and its scientific basis.

The Government of Iceland does not believe that it is necessary to offer interpretations of the three-point agreement, the intent and effect of which are clear on its face.

This agreement between our two Governments will become effective immediately upon the delivery of this response.

Sincerely,
Hordur H. Bjarnason
Chargé d'Affaires, a.i.
Embassy of Iceland

21. september 1987

Nr. 20

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um atvinnuleysisbætur.

Hinn 15. september 1987 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um atvinnuleysisbætur sem undirritaður var í Maríehamni 12. nóvember 1985.

Samningurinn öðlast gildi 1. desember 1987.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. september 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

NORÐURLANDASAMNINGUR um atvinnuleysisbætur

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem er ljóst, að ákvæði Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981, um félagslegt öryggi, taka eftir því sem við á til atvinnuleysisbóta, gera með hliðsjón af því með sér svofelldan samning um slíkar bætur:

1. gr.

Samningur þessi tekur til þeirrar löggjafar sem á hverjum tíma gildir í ríkjum Norðurlanda um atvinnuleysistryggingar og aðra peningaaðstoð vegna atvinnuleysis svo sem greinir á fylgiskjali með þessum samningi.

Ef löggjöf sú sem um ræðir í 1. málsg. kynni að verða felld úr gildi og önnur svipuð sett í staðinn skal samningurinn einnig taka til hinnar nýju löggjafar.

2. gr.

Í samningnum eru eftirtalin hugtök notuð í þeirri merkingu sem hér greinir:

a) „Rétthæfingskeið“:

Starfs- og iðgjaldatímabil sem meta má til réttinda samkvæmt lögum í því landi þar sem unnið var, svo og öll sambærileg tímabil.

b) „Landamæragenglar“:

Launþegar sem vinna í einhverju Norðurlandaráríkjanna en eru búsettir í öðru Norðurlandaráríki, sem þeir hverfa að jafnaði heim til dag hvern. Ef fyrirtæki sem landamæragenglar eru fastráðnir hjá fær þeim um stundarsakir bækistöð á stað þaðan sem þeir geta ekki daglega horfið aftur til heimkynna sinna, teljast þeir engu að síður landamæragenglar í allt að fjóra mánuði. Þetta gildir jafnt þótt stærfið hafi á þessu tímabili verið unnið í búsetulandinu.

3. gr.

Þeir sem flytjast frá einu Norðurlandaráríki til annars eiga rétt á að fá viðurkennd rétthæfingskeið sem áunnist hafa í öðrum Norðurlandaráríkjum. Þetta gildir þó því aðeins að tímabilin séu viðurkenningarhæf samkvæmt löggjöf í því landi þar sem bótakrafa er gerð.

Sami réttur ber einnig þeim sem samkvæmt 6. og 7. gr. eiga rétt til atvinnuleysisbóta.

4. gr.

Þeir sem óska að fá viðurkennd rétthæfingskeið samkvæmt 1. málsg. 3. gr. skulu á þeim tíma sem næstur leið áður en til atvinnuleysisins kom hafa stundað vinnu í því landi þar sem bótakrafan er gerð. Vinnan skal vera viðurkenningarhæf samkvæmt löggjöf í því landi. Ekki má þó krefjast meira en fjögurra vikna samfelldrar launavinnu.

Hafi ynnuna þrotið án tilverknaðar bótaþega skal hann engu að síður fá rétthæfingskeiðin viðurkennd, enda hafi verið áformað að vinnan stæði lengur.

5. gr.

Skilyrðið um vinnu samkvæmt 1. málsg. 4. gr. tekur ekki til þeirra er í því landi þar sem bótakrafa er gerð hafa annaðhvort stundað vinnu að því marki að þeir hafa fallið undir þarlenda löggjöf um atvinnuleysisbætur eða þegið atvinnuleysisbætur. Þó skal vinnan hafa verið stunduð eða atvinnuleysisbæturnar þegnar innan fimm ára frá þeim tíma er sótt er um vinnu hjá hinni opinberu vinnumiðlun og um aðild að viðkomandi atvinnuleysistryggingasjóði, þar sem það á við.

Skilyrðið gildir ekki heldur gagnvart þeim sem flust hefur búferlum með maka sínum, ef makinn hefur fengið vinnu til tveggja ára hið skemmsta í því landi þar sem bótakrafa er gerð. Að því leyti sem löggjöf landsins eða framkvæmdarvenja leyfir er þá ekki gerður greinarmunur á hjónum og fólki í sambúð.

6. gr.

Landamæragenglum sem verða atvinnulausir að öllu eða nokkru leyti án þess að ráðningu hafi verið slitið skulu greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum í starfslandinu á sama hátt og væru þeir búsettir þar, að því tilskildu að þeir séu skráðir hjá hinni opinberu vinnumiðlun í starfslandinu.

Sama gildir einnig um aðra launþega sem á ráðningartímanum hafa verið búsettir í öðru landi en starfslandinu, ef þeir dveljast í starfslandinu.

7. gr.

Landamæragenglum sem verða atvinnulausir og ekki eru lengur ráðnir skulu greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum í búsetulandinu á sama hátt og ef þeir hefðu fallið undir löggjöf þess lands á ráðningartímanum. Þetta gildir þó því aðeins að landamæragengillinn skrái sig sem vinnuumsækjandi hjá hinni opinberu vinnumiðlun í búsetulandinu.

Sama gildir einnig um aðra launþega sem á ráðningartímanum hafa verið búsettir í öðru landi en starfslandinu, þó því aðeins að þeir hafi haft þar samfellda búsetu næstu tvö ár áður en til atvinnuleysisins kom.

8. gr.

Til þess að ákvæðunum verði beitt verða umsóknir þær og skráningar sem um ræðir í 5. og 7. gr. að liggja fyrir innan átta vikna talið frá

- a) búferlaflutningi í þeim tilvikum sem um ræðir í 5. gr. og
- b) upphafi atvinnuleysis í þeim tilvikum sem um ræðir í 7. gr.

Launavinna sú sem um ræðir í 4. gr. skal hafa hafist innan átta vikna frá þeim tíma er bótaþeginn glataði rétti til atvinnuleysisbóta í því landi sem hann fluttist frá.

9. gr.

Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að eitthvert Norðurlandaráki beiti reglum er séu bótaþegum hagstæðari að því er varðar bótarétt en þær sem kveðið er á um í 4.—8. gr.

10. gr.

Við útreikning bóta sem greiddar eru í einu Norðurlandarákjanna skal taka tillit til bóta sem greiddar kunna að hafa verið í öðrum Norðurlandarákjum.

11. gr.

Sé svo fyrir mælt í lögum einhvers Norðurlandarákis, að fjárhæð atvinnuleysisbóta skuli miðuð við fyrri launatekjur, skulu tekjur sem maður hefur hlotið í öðrum Norðurlandarákjum lagðar að jöfnu við tekjur í því landi þar sem bótakrafan er gerð. Um útreikning bótanna fer eftir reglum í því landi.

12. gr.

Bætur vegna sama atvinnuleysistilviks verða ekki greiddar samtímis í fleiri Norðurlandarákjum en einu.

13. gr.

Heimilt er tveimur eða fleiri samningsríkjum að gera með sér sérstakt samkomulag um greiðslu atvinnuleysisbóta til launþega sem hverfa aftur til búsetulandsins eftir að þeir hafa orðið atvinnulausir að öllu eða nokkru leyti án þess að ráðningu hafi verið slitið. Áður en hlutaðeigandi ríki gera með sér slíkt samkomulag skal öðrum samningsríkjum gefinn kostur á að láta uppi álit sitt.

14. gr.

Samningur þessi tekur ekki til bóta er varða þann tíma sem liðinn er við gildistöku hans.

Við ákvörðun bótaréttar á grundvelli þessa samnings skal einnig tekið tillit til bóta- og réttþæfingarskeiða fyrir gildistöku samningsins.

15. gr.

Sambandsaðilar um framkvæmd þessa samnings eru
í Danmörku Arbejdsdirektoratet,
í Finnlandi Social- och hälsovårdsministeriet,
á Íslandi Atvinnuleysistryggingasjóður,
í Noregi Arbejdsdirektoratet,
í Svíþjóð Arbetsmarknadsstyrelsen.

16. gr.

Ef eitthvert samningsríkjanna óskar að segja upp samningnum skal skrifleg tilkynning um það send norskra utanríkisráðuneytinu, sem ber að tilkynna ríkisstjórnnum annarra Norðurlandarákja um uppsögnina.

Uppsögnin tekur aðeins til þess ríkis sem að henni stendur og öðlast gildi frá og með upphafi þess almanaksárs sem byrjar sex mánuðum hið skemmsta eftir að norskra utanríkisráðuneytinu hefur borist tilkynning um uppsögnina.

Verði samningnum sagt upp skulu réttindi sem áunnist hafa á grundvelli samningsins vera áfram öröskuð.

17. gr.

Samningur þennan skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjöl afhent norska utanríkisráðuneytinu til varðveislu.

Samningurinn öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst tveimur fullum almanaksmánuðum eftir þann dag er fullgildingarskjöl allra ríkjanna hafa verið afhent.

18. gr.

Pegar þessi samningur öðlast gildi fellur úr gildi samningur frá 28. júní 1976 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um reglur varðandi viðurkenningu á réttshæfingar-skeiðum m.m. vegna réttar til dagpeninga fyrir þá sem tryggðir eru gegn atvinnuleysi, svo og lokabókun við umræddan samning.

Að því er varðar þá sem við gildistöku eru teknir að njóta bóta með stoð í 2. málsg. 2. gr. samnings þess sem felldur er úr gildi skal umrædd málsgrein halda gildi sínu það sem eftir er af bótatímabilinu.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess höfðu umboð, undirritað þennan samning.

Gert í Maríehamnn hinn 12.11. 1985 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fylgiskjal.

SKRÁ UM LÖG SEM VITNAÐ ER TIL Í 1. GREIN.

Danmark

Lov (bekendtgørelse nr. 444 af 28. juli 1982) om arbejdsformidling og arbejdsløshedsforsikring m.v.

Finland

Lag om utkomstskydd för arbetslösa (602/24.8.1984)

Lag om arbetslöshetskassar (603/24.8.1984)

— och till dem ansluten lagstiftning

Ísland

Lög nr. 64 2. júní 1981, um atvinnuleysistryggingar

Norge

Lov 17 juni 1966 nr 12 om folketrygd, Kapitel 4,

Stønad under arbeidsløyse m.v. § 4-1, bokstav a

Sverige

Lag den 5 juni 1973 (nr 370) om arbetslöshetsförsäkring

Lag den 5 juni 1973 (nr 371) om kontant arbetsmarknadsstöd

AUGLÝSING**um viðskiptasamning við Kína.**

Hinn 17. október 1987 var undirritaður í Beijing viðskiptasamningur milli Íslands og Alþýðulýð-veldisins Kína. Samningurinn öðlast gildi við undirritun.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. október 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.